

Skýrsla stjórnar faghóps um hugbúnaðargerð 2018-2019

Faghópur um hugbúnaðargerð sá um tvo viðburði á starfsárinu.

18. apríl var haldinn hádegisfundur á Grand Hóteli sem bar nafnið „Verkfærakista ofurhetjunnar“. Erindin voru fjögur úr ólíkum áttum; örbjónustur (micro services), kynning á græjum, umfjöllun um þróunar- og prófunarferli hugbúnaðar auk erindis um hvernig nýr vefur verður til.

Hugbúnaðarráðstefnan var ekki haldin á árinu en í stað hennar kom hádegisfundur 21. nóvember undir yfirskriftinni „Plastpokar eru á útleið, eru plastkortin næst?“ Þar var fjallað um breytingar og nýjungar í greiðslulausnum, bæði tæknilegar og viðskiptalegar.

Báðir hádegisfundirnir voru vel sóttir.